

Ed.

391. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdráttu afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal enn fremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu enn fremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn hundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Til viðbótar 13. gr. laganna komi:

Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.